

Gerð starfsleyfis

– leiðbeinandi ferill fyrir heilbrigðisnefndir

Markmið laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Jafnframt er markmiðið að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

Til að starfrækja vissar tegundir atvinnurekstrar, verða rekstraraðilar að verða sér úti um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndum.

Um þessa skyldu er fjallað í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en skv. 1. mgr. 6. gr. laganna skulu aðilar sem tilgreindir eru í I., II. og IV. viðauka laganna hafa til starfsemi sérstakt leyfi. Umhverfisstofnun veitir þeim atvinnurekstri starfsleyfi sem talinn er upp í viðaukum I og II og fyrir starfsemi sem staðsett er á hafi utan sveitarfélagamarka. Heilbrigðisnefndir veita leyfi til þess reksturs sem talinn er upp í IV. viðauka. Jafnframt getur starfsemi verið starfsleyfis skyld samkvæmt samþykktum sveitarfélaga, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998. Ráðherra er þó einnig heimilt að kveða á um í reglugerð um að atvinnurekstur sem talinn er upp í IV. viðauka sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis. Reglugerð nr. 830/2022 mælir fyrir um hvaða atvinnurekstur er háður staðfestingu skráningar.

Nánar er mælt fyrir um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og um hollustuvernd í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.¹

Starfsleyfi er skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar þar sem rekstraraðila er veitt heimild til að starfrækja ákveðinn atvinnurekstur að því tilskildu að hann fari eftir viðeigandi lögum, reglugerðum og ákvæðum starfsleyfisins.

Í starfsleyfum fyrir rekstur sem valdið getur mengun er heimilt að setja sértæk skilyrði, í þeim tilgangi að stýra álaginu á umhverfið með því að setja ramma fyrir viðkomandi atvinnurekstur, þ.e.a.s. ákveðnar reglur sem starfsemin þarf að fylgja varðandi mengunarvarnir og losun mengandi efna til þess að vernda heilsu bæði manna og umhverfis.

Leiðbeiningarnar eru settar fram með því markmiði að stuðla að öruggri málsmeðferð og auknu samræmi við gerð og veitingu starfsleyfa sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun gefur út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur, sbr. 52. gr. laganna.

¹ Leiðbeiningar þessar eru hugsaðar út frá mengunarvörnum.

Ferli við útgáfu starfsleyfa

I. Móttaka umsóknar

- Umsókn berst rafrænt eða bréflaga.
- Heilbrigðisfulltrúi fer yfir hvort starfsemin sé háð starfsleyfi eða skráningu hjá heilbrigðisnefndinni.
 - Ef starfsemin er háð starfsleyfi hjá annarri heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun skal framsenda umsóknina. Ef vafi er um þetta ætti að heyra í Umhverfisstofnun.
 - Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir starfsemi sem staðsett er á hafi utan sveitarfélagamarka.
 - Ef starfsemin er skráningarskyld en ekki starfsleyfisskyld leiðbeinir heilbrigðisfulltrúi umsækjanda að skrá starfsemina á island.is.
- Skráning umsóknar í viðeigandi upplýsingakerfi og flokkun.
- Sé starfsemin starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefndinni staðfestir heilbrigðisfulltrúi kennitölu, lögheimili og nafn fyrirtækisins í Fyrirtækjaskrá, þ.e. flettir fyrirtækinu upp á <https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/> og athugar hvort upplýsingar séu réttar.
- Tilkynning er birt á vefsvæði heilbrigðisnefndar um að umsókn hafi borist.
Eftir atvikum má einnig birta niðurstöðu umhverfismats eða fyrirspurnar til Skipulagsstofnunar um matskyldu liggja slíkt fyrir á þessum tímapunkti.

II. Mat á hvort umsókn sé fullnægjandi

- Heilbrigðisfulltrúi sem fer með málið athugar hvort starfsemin samræmist gildandi skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 3. og 7. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
 - Leiki vafi á því að starfsemin samræmist skipulagi eða ef t.d. deiliskipulag er ekki til staðar skal leita umsagnar skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa.
 - Leita skal umsagnar byggingarfulltrúa um það hvort starfsemin samræmist heimilli notkun húsnæðis sbr. 7. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Heilbrigðisfulltrúi athugar hvort framkvæmdin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sé um að ræða framkvæmd sem fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana þarf niðurstaða Skipulagsstofnunar að liggja fyrir áður en tillaga að starfsleyfi er auglýst.
 - Heilbrigðisfulltrúi skal leiðbeina umsækjanda að senda erindi til Skipulagsstofnunar ef niðurstaða í matsferli liggur ekki fyrir.
 - Telji heilbrigðisfulltrúi að forsendur umhverfismatskýrslu hafi breyst verulega frá því að álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar lá fyrir getur hann óskað álits Skipulagsstofnunar á því hvort endurskoða þurfi umhverfismat framkvæmdarinnar að hluta eða í heild. Ef framkvæmd hefst ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar liggur fyrir skal heilbrigðisfulltrúi óska eftir slíku áliti Skipulagsstofnunar, sbr. 28. gr. laga nr. 111/2021.

- Heilbrigðisfulltrúi athugar hvort fyrir liggi skilyrði umsóknar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, eftir því sem við á hverju sinni:
 - Lýsing á atriðum sem eru nefnd í a-k lið 2. mgr. 6. gr.
 - Samantekt, sem ekki er á tæknimáli, um atriði sem um getur í 2. mgr. 6. gr.
 - Afrit af **gildandi** deiliskipulagi eða aðalskipulagi sé deiliskipulag ekki til staðar, sbr. 3. og 7. mgr. 6. gr.
 - Rekstraraðilar skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi.

III. Staðfesting á hvort umsókn sé fullnægjandi

- Séu gögn ófullnægjandi skal fara fram á að viðeigandi gögnum sé skilað.
- Þegar umsókn er fullnægjandi skal tilkynna umsækjanda um það skv. verklagi heilbrigðisnefndar.
- Ef fráveita rekstraraðila er til sjávar og uppfyllir ekki skilyrði í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp (minnst 5 metra niður og 20 metra út) skal heilbrigðisnefnd benda rekstraraðila á það.
 - Nefndin getur samþykkt aðra lausn sbr. 7. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.
 - Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar og skal samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004.
- Heilbrigðisfulltrúi tilkynnir Orkustofnun um að málið sé í vinnslu ef um vatnsnýtingu er að ræða (þá þarf mögulega að gefa út nýtingarleyfi) eða starfsemi sem varðar nýtingu hafsbotsn innan netalaga.
- Sé um að ræða starfsemi sem einnig er leyfisskyld hjá Matvælastofnun skal heilbrigðisfulltrúi leiðbeina umsækjanda að hafa samband við Matvælastofnun.

IV. Gerð starfsleyfistillögu

- Heilbrigðisfulltrúi gerir tillögu að starfsleyfi.
 - Samræmd starfsleyfisskilyrði eru notuð til hliðsjónar.
 - Unnin tillaga að sértækum skilyrðum fyrir starfsemina ef við á.
- Gögn vegna starfsleyfisgerðar eru meðal annars:
 - Fyrirætlanir umsækjanda skv. umsókn/umsóknargögnum.
 - Lög og reglugerðir.
 - Atriði sem til koma skoðunar vegna umhverfismatsskýrslu / matsskylduákvörðunar. Niðurstaða umhverfismats þarf að liggja fyrir áður en tillaga að starfsleyfis er auglýst.
 - Er leyfið í samræmi við matið / ákvörðunina? (t.d. varðandi umfang, aðferðir, staðsetning og losun).
 - Er fjallað um mismunandi valkosti?
 - Eru forsendur matsins / ákvörðunarinnar enn í gildi?
 - Fyrri eftirlit eða reynsla af sambærilegri starfsemi sem má nýta við gerð tillögu að starfsleyfi.
 - Eldri starfsleyfi, starfsleyfi eða starfsskilyrði fyrir annars konar starfsemi.

- Norrænar BAT skýrslur eða BAT-niðurstöður, ef þær liggja fyrir.
- Heilbrigðisfulltrúi gefur umsækjanda kost á að koma á framfæri athugasemdum sínum við tillögu að starfsleyfi. Æskilegt er að tímasetja frestinn sem viðkomandi fær, t.d. tvær vikur.

V. Auglýsing starfsleyfistillögu

- Heilbrigðisfulltrúi athugar hvort öll gögn séu komin fyrir auglýsingu, eftir því sem við á:
 - Niðurstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun um matsskyldu.
 - Skýrsla um grunnástand, sjá <https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/leidbeiningar-og-baeklingur/>. Hér undir fellur starfsemi sem notar, framleiðir eða losar hættuleg efni sem eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1272/2008.
 - Bráðamengunartrygging, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 (skoða lista í viðauka laganna).
 - Viðbragðsáætlun, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 (skoða lista í viðauka laganna).
- Ákvörðun tekin um auglýsingu á tillögu að starfsleyfi skv. verklagsreglum hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar.
- Auglýsing birt opinberlega á vefsvæði sem heilbrigðiseftirlit/heilbrigðisnefnd hefur yfir að ráða.
- Geta þess í auglýsingu hvernig koma eigi athugasemdum á framfæri og að frestur til athugasemda sé fjórar vikur og tiltaka þá dagsetningu .

VI. Eftir auglýsingu

- Berist athugasemdir um tillöguna fer heilbrigðisfulltrúi sem fer með málið yfir þær.
- Heilbrigðisfulltrúi skal skrifa greinargerð (viðauki við starfsleyfið) þar sem farið er yfir málsmeðferðina, tekin afstaða til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, ef við á, og gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til allra athugasemda sem bárust. Greinargerðin skal birta með starfsleyfinu eftir útgáfu.
- Ef fyrirhugað er að gera breytingu á starfsleyfistillögunni sem var auglýst sem er íþyngjandi fyrir rekstraraðila, t.d. settar harðari kröfur, þarf að upplýsa umsækjanda um kröfurnar og gefa honum kost á að andmæla. Meta þarf hvort auglýsa þurfi tillöguna aftur.

VII. Afgreiðsla og útgáfa

- Starfsleyfi skulu gilda til tiltekins tíma sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.
- Heilbrigðisnefnd tekur ákvörðun samkvæmt verklagi viðkomandi heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis eftir yfirferð athugasemda og úrvinnslu þeirra.
- Heilbrigðisnefnd skal innan fjögurra vikna frá því frestur til að gera athugasemdir við tillögu að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis.

VIII. Kynning starfsleyfis

- Senda skal umsækjanda leyfið ásamt afriti af starfsleyfisskilyrðum.
- Tilkynna skal um útgáfuna opinberlega á vefsvæði sem heilbrigðisnefndin hefur yfir að ráða og skal greinargerð vera hluti af tilkynningunni
 - Vekja skal athygli á því í tilkynningu að útgáfa starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunarinnar.
- Tilkynna skal öllum þeim er sendu inn athugasemdir við tillögu að starfsleyfi um útgáfuna.
- Tilkynna þarf Skipulagsstofnun um ákvörðunina ef um er að ræða framkvæmd sem er tilkynningarskyld eða matsskyld.
- Afrit af leyfinu skal vera aðgengileg almenningi á vefsvæði heilbrigðisnefndarinnar.

Útgefið 10. mars 2023

Fyrirvari

Leiðbeiningarnar eru skrifaðar samkvæmt lögum og reglugerðum (regluverkið) sem voru í gildi á þeim tíma sem þær voru gefnar út. Leiðbeiningarnar skulu lesnar með því í huga að regluverkið gæti verið breytt. Sé misræmi á milli leiðbeininganna og regluverksins gildir hið síðarnefnda.